

## Svar

**háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn  
frá Indriða Inga Stefánssyni um ávinnung  
sjálfvirknivæðingar og gervigreindar.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur farið fram vinna í ráðuneytinu til að tryggja að eðlilegur hluti þess ávinnings sem verður affyrirséðu hagræði vegna gervigreindar annars vegar og sjálfvirknivæðingar hins vegar skili sér til almennings? Ef svo er ekki, stendur það til?*

Já, slík vinna er í gangi í ráðuneytinu þar sem unnið er að gerð aðgerðaáætlunar gervigreindar. Í áætluninni verður meðal annars vikið að framþróun í ríkisrekstri til að nýta kosti sjálfvirknivæðingar og gervigreindar. Markmið þeirra aðgerða er að auka verðmætasköpun sem leiði til bættra lífskjara almennings, að stuðla að betri þjónustu við borgarana, áhrifarákari notkun gagna og auðlinda og skilvirkari notkun opinberra fjármuna, með tilheyrandi ávinnungi fyrir almenning.

Samkvæmt a-lið 4. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna í Stjórnaráði Íslands, nr. 6/2022, fer fjármála- og efnahagsráðuneyti með skattamál, þ.m.t. skattalegt umhverfi fyrirtækja vegna mögulegrar hagræðingar sem kann að skapast af aukinni sjálfvirkni. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur beitt sér ökullega fyrir eflingu nýsköpunar, m.a. í heilbrigðiskerfinu þar sem eru fjölmörg tækifæri til að bæta hag almennings með innleiðingu gervigreindar og sjálfvirknivæðingar.